

Skólaráðsfundur 3.feb. 2011

Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri setti fund kl.16.00

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna en kennara, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra, Jón Pálsson fulltrúi grenndarsamfélags.

1. Breytingartillaga samþykkt v/skráningar í og úr mötuneyti á milli skólaára. Mötuneytisáskrift heldur sér óbreytt að hausti, sendur verður póstur á alla aðstandendur um þessa breytingu.
2. Skólanámskráin
Ekki voru gerðar neina athugasemdir við almenna hluta skólanámskrár Lágafellsskóla 2010- 2011.
3. Foreldravikan.
Foreldravikan er staðfest 28.febrúar-4.mars. PALS og heimalestur verða aðalþemað, samþykkt af öllum viðstöddum.
4. Kærleiksvika.
Kærleiksvikan í Mosfellsbæ verður 14. – 18. febrúar. Í skólanum munu umsjónarkennarar leggja áherslu á forvarnir gegn einelti og fara yfir skilgreiningu á því hvað flokkast sem einelti. Eineltisteymið hefur tekið tekið saman bækling sem kynntur verður starfmönnum á næsta starfsmannafundi auk þess sem teymið hefur tekið saman mikið af efni um þessi mál sem kennarar geta nýtt með nemendum. Rafræn eineltiskönnun verður lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk í kjölfar eineltisumræðu og síðan skrifleg könnun í 1.-3. bekk skólans.
5. Umferð við skólann og leikskólann
Skólastjóri upplýsti skólaráð um að hann hefði rætt óformlega við fræðslunefndarmenn um umferðaröryggi við skólann og talið þörf á umbótum. Skólastjóra hefur verið falið að taka saman greinargerð um málið og senda til Skólaskrifstofu. Fundað verður um málið fljótlega.
6. Fráhagsáætlun
Fjárhagsárið 2010, 300 þús. umfram fjárveitingu hjá Lágafellsskóla.

Föstudaginn 15.apríl verður 10 ára afmælishátíð Lágafellsskóla, þá verður sýning á afrakstri þemadaganna sem verða 12.13.og 14.apríl.

Næsti fundur ákveðinn 10.mars

Fundaritari: Sólveig Jónsdóttir